

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 01.03.2024

Varðar: Umsögn STEFs

Frumvarp til laga um höfundalög (gervigreindarfólk og sjálfvirk gagnagreining), 624. mál.

STEF fagnar því að Alþingismenn hafi ráðist í þá vinnu að skoða áhrif gervigreindar á höfunda og persónuvernd og hafi komist að þeirri niðurstöðu að lagaumhverfið hafi ekki fylgt eftir þeirri miklu tækniþróun sem við höfum orðið vitni að á undanförunum árum í sambandi við gervigreind per.

Notkun gervigreindar á ýmsum persónuauðkennum í hagnaðarskyni er nú þegar staðreynd. Með persónueinkennum er m.a. átt við atriði eins og útlit og rödd einstaklinga. Slík notkun gerir í raun mannlega íhlutun söngvara óþarfa þar sem hægt er að láta gervigreindina skapa nýjar raddir, eða það sem verra er, líkja eftir röddum þekktis tónlistarfólks.

Ljóst er að slík stafræn notkun á persónuauðkennum er brot á persónuverndarlöggjöf aðildarríkja ESB, þ.m.t. Íslands, en slíkt hefur þó verið látið viðgangast án íhlutunar hingað til og má því færa fyrir því rök að núverandi lagarammi sé ekki nægilega skýr.

Samkvæmt nýlegri rannsókn systursamtaka STEFs í Þýskalandi (GEMA) og Frakklandi (SACEM) eru 95% tónhöfunda á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að til staðar sé möguleiki á að bregðast við slíkum persónuverndarbrotum.¹

Ný reglugerð ESB um gervigreind (AI Act) sem nú er til meðferðar hjá Evrópuþinginu svarar því miður ekki þeim spurningum hvernig gervigreindin á að geta uppfyllt löggjöf ESB um persónuvernd, svo sem vegna nýtingar á persónueinkennum eins og rödd tónlistarfólks.

Er því ljóst að löggjafinn verður að bregðast við og er STEF hlynnt þeirri niðurstöðu þeirra þingmanna sem lagt hafa fram ofangreint frumvarp, að nauðsynlegt sé að skýrt samþykki sé til staðar fyrir slíkri notkun persónueinkenna svo og að nauðsynlegt sé að merkja þau verk sem unnin eru á þennan hátt.

Varðandi samþykki fyrir hönd látinna einstaklinga er vert að hafa í huga að nr. 90/2018 persónuverndarlög ná eingöngu til vinnslu í fimm ár frá andláti og er hér því augljóslega verið að kveða á um víðtækari vernd sem er gott.

¹ Skýrsluna og upplýsingar um hana má meðal annars nálgast hér: <https://www.cisac.org/Newsroom/society-news/sacem-and-gema-unveil-results-study-impact-artificial-intelligence-music>

Ljóst er þó að erfitt getur verið að framfylgja ákvæði frumvarpsins að þessu leyti út í hið óendanlega og því mælir STEF með því að þarna verði skýrt kveðið á um að ákvæði höfundalega um verndartíma eða 70 ár frá andláti verði látin gilda hvað varðar tímamark þessarar verndar.

Þá er hugsanlega betra að ákvæðið vísi til erfingja fremur en afkomenda, en hægt er að hugsa sér þá sviðsmynd að óprúttir aðilar vilji misnota rödd eða önnur persónuauðkenni látinna barna eða annarra sem ekki eiga afkomendur.

Þá er vert að benda á að ekki er til á Íslandi almennur opin gagnagrunnur um afkomendur eða erfingja og því getur verið erfitt fyrir þá sem vilja sækja samþykki að finna upplýsingar um þá sem geta gefið slíkt samþykki. Til þess að þetta ákvæði frumvarpsins gangi upp í framkvæmd verður því löggjafinn að sjá til þess að til þess bært stjórnvald s.s. eins og Þjóðskrá eða sýslumenn hafi heimild til að gefa upplýsingar um erfingja til handa þeim sem vilja afla samþykkis fyrir notkun persónuauðkenni látinna einstaklinga.

Þá vill STEF taka fram að ef þessi ákvæði frumvarpsins verða að lögum verður hér um að ræða séríslenskar reglur sem ekki munu geta komið í veg fyrir að erlendir aðilar geti nýtt sér persónueinkenni Íslendinga á ólögmetan hátt í hagnaðarskyni. Þrátt fyrir það telur STEF að umrædd ákvæði muni þó alls ekki verða merkingarlaus, enda munu þau hindra slíka vinnslu hérlandis.

Hins vegar telur STEF að óráðlegt sé að 3. gr. ofangreinds frumvarps verði að lögum en ákvæðið virðist ganga í berhögg við 3. gr. DSM tilskipunar ESB (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB), en innleiðing á henni er nú í vinnslu innan Menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Í ofangreindri tilskipun er í 3. og 4. gr. kveðið á um undanþágu vegna texta- og gagnanáms Í 3. gr. er að finna undanþágu til handa rannsóknarstofnunum og menningarstofnunum um texta- og gagnanám í þágu vísindarannsókna úr verkum eða öðru efni sem þær hafa lögmætan aðgang að með nánar tilteknum skilyrðum. Í 4. gr. er síðan kveðið á um undanþágu til annars texta- og gagnanáms úr efni sem er aðgengilegt með lögmetum hætti en þessi undanþága er bundin því skilyrði að rétthafar hafi ekki sérstaklega áskilið sér þennan rétt með viðeigandi hætti.

Í þessu sambandi má benda á að STEF hefur nú þegar birt á vefsíðu sinni á íslensku og ensku slíkan fyrirvara þar sem fram kemur að öll notkun á verkum meðlima STEFs fyrir texta- og gagnanám er háð leyfi STEFs, nema lög kveði á um annað.

Virðist sem 3. gr. umrædds frumvarps sé með mun víðtækari vinnsluheimildir en kveðið er á um í 3. og 4. gr. DSM tilskipunarinnar, enda virðist ákvæðið ekki bundið við rannsóknar- og menningarstofnanir auk þess sem það vísar sérstaklega til málfræðilegra upplýsinga sem væntanlega nær þá til vinnslu eins og fram hefur farið á vegum spunagreindarmóðela eins og ChatGPT. Auk þess gerir greinin ekki heldur ráð fyrir þeim kosti að rétthafar geti sett fyrirvara um notkun á höfundaréttarvörðu efni sínu, en það er akkúrat notkun spunagreindarmóðela eins og ChatGPT á höfundaréttarvörðu efni án heimildar sem valdið hefur kvað mestu fjaðrafoki og

óánægju höfunda undanfarið. Geldur STEf því varhug við því að 3. gr. frumvarpsins verði að lögum.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri